

**Nr. 015 / 14 Hringur SH 153*****Skipverji klemmist á hendi***

Skipaskr.nr. 2685 IMO nr. 8956669  
Smíðaður: Skotlandi 1997 stál  
Stærð: 272 brl. 481 bt.  
Mesta lengd: 28,99 m Skráð lengd: 25  
Breidd: 9,3 m Dýpt: 7,5 m  
Vél: M.A.K. 745 kW 1997  
Fjöldi skipverja: 10



Hringur ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 16. febrúar 2014 var Hringur SH 153 á togveiðum um 25 sml. VNV af Bjargtöngum. Veður NA 6 m/sek, sjóljítið.

Verið var að skipta um fremstu grandara en á meðan hékk trollið í gilsunum. Þegar því var lokið var slakað í þá. Einn skipverja hugðist losa krókinn þegar slaki kom á bakborðsgilsinn en þá festist falurinn á tromlunni (törnaðist) svo hífðist strax í gilsinn og baugfingur hægri handar klemmdist við krókinn.

Siglt var með slasaða til hafnar og honum komið til læknis.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn fór til að losa úr króknum áður en spilið var stöðvað og klemmdist við krókinn sem var lokaður;
- að keðjan á milli grandaranna var langleggjakeðja sem hafði rými fyrir gilskrókinn. Gilsarnir voru úr dynex tógi sem áttu það til að grafast niður í spiltromluna þegar átak er mikið og gátu því auðveldlega klemmst á milli vafninga;
- að sögn skipstjóra er það vinnuregla að menn hafa ekki hendur á krókum fyrr en spilið er stopp við svona aðstæður.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins má rekja til þess að slasaði greip of fljótt í gilskrókinn.